



Fréttabréf AkureyrarAkademiunnar

nóvember 2024

Kæru viðtakendur!

Hér er greint frá helstu tíðindum í starfinu frá því að síðasta fréttabréf var sent út í september sl. Góðar stundir á aðventunni og um hátíðirnar!

Frambjóðendur í heimsókn

Fyrir skömmu var frambjóðendum flokkanna í Norðausturkjördæmi í komandi alþingiskosningum boðið í heimsókn til AkAk. Tilgangurinn var að kynna starfsemina hérna og að heyra um áherslur flokkanna varðandi þá innviði sem þurfa að vera fyrir hendi svo að Akureyri sé eftirsóknarverður valkostur til búsetu, háskólanáms og fræða- og ritstarfa en AkAk er mikilvægur hluti slíkra innviða. Það er alveg ljóst að starfsemi AkAk hefur gefið háskólanemum og þeim sem vinna að fræði- og ritstörfum hér á Akureyri og víðar mikilvægt svigrúm til menntunar og fjölbreyttrar þekkingarsköpunar. Starfsemi AkAk er mikilvægt hagsmunamál fyrir samfélagið hér fyrir norðan. Heimsókn flokkanna tókst vel og það er ánægjulegt að geta sagt frá því að fulltrúar þeirra lýstu yfir stuðningi sínum við starfsemi AkAk og töldu að hún væri mjög mikilvæg fyrir Akureyri og nágrenni til framtíðar.

Bakarís-fyrirlestur

Í október sl. var Martina Huhtamäki, kennari við Háskólann í Helsinki, með áhugaverða kynningu á rannsóknum sem hún hefur unnið að, ásamt Väinö Syrjälä, á tungumálslega landslaginu á Akureyri en þær beinast að því að skoða notkun tungumála út frá samfélagslegu sjónarhorni. Í tilefni af kynningunni birtist viðtal við Martinu á Akureyri.net sem er aðgengilegt [hér](#). Bakarís-fyrirlestrar eru samstarfsverkefni AkAk og Brauðgerðarhúss Akureyrar. Markmið þeirra er að kynna verkefni sem fólk hefur unnið að hjá AkAk, bjóða upp á viðburði í Sunnuhlíð og gefa bæjarbúum tækifæri til að fræðast og spjalla um fjölbreytt viðfangsefni.

Fyrirlestrar fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa

Frá árinu 2016 hefur verið samstarf á milli AkAk og öldrunarheimila Akureyrar, og nú hjúkrunarheimila Heilsuverndar, sem felur í sér að bjóða íbúum heimilanna upp á fræðandi fyrirlestra um fjölbreytt viðfangsefni, og eru þeir öllum opnir. AkAk leitar bæði til félaga sinna um tillögur að fyrirlestrum og líka til einstaklinga utan hópsins. Á þessu ári var unnt að bjóða upp á átta fyrirlestra með tilstyrk Menningar- og viðurkenningasjóðs KEA og Norðurorku hf. Við þökkum kærlega fyrir stuðninginn og fyrirlesurunum fyrir gefandi samstarf og áhugaverð erindi.

Innanhúsfólk

Hér er sagt frá verkefnum sem innanhúsfólk vinnur að.

Pétur Guðjónsson

Síðustu mánuði hefur Leiklistarskóli Draumaleikhússins verið í undirbúningi og fór af stað í september sl. með fyrstu önn nemenda á aldrinum 16-25 ára. Frumkvöðull verkefnisins er Pétur Guðjónsson og hefur hann unnið að þessu verkefni hjá AkAk. Leiklistarskóli Draumaleikhússins ætlar nú að sýna afrakstur fyrstu annar með því að setja upp sýninguna *Elísabet Scrooge - alein um jólin*. Leikritið er ný leikgerð eftir Stefaníu Elísabetu Hallbjörnsdóttur og Pétur Guðjónsson byggð á sígildri sögu Charles Dickens um nískupúkann Scrooge. Sýningin er sannkölluð fjölskyldusýning fyrir 5 ára og eldri, og tekur hún 45 mín. Þetta er góð skemmtun á aðventunni þar sem boðskapur jólanna fær sannarlega að njóta sín. Miðaverð er kr. 2900 og miðasala á tix.is

Sýnt er í Deiglunni í Listagilinu og eru sýningar sem hér segir:

Föstudagur 6. desember kl.18:00 og 20:00

Laugardagur 7. desember kl.14:00 og 17:00

Sunnudagur 8. desember kl.14:00 og 17:00

Sara Stefánsdóttir

Sara er doktorsnemi í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands og hefur hún unnið að doktorsrannsókn sinni hjá AkAk. Í september sl. birtist [ritrýnd grein](#) eftir hana í *Science Open* sem heitir: „Safeguarding Families and Rights of Parents with Intellectual Disability Involved in Child Protection : The Role of Rights Protection Officers“. Í greininni er fjallað um mikilvægt hlutverk réttindagæslumanna við að styðja jaðarsetta foreldra, auka meðvitund um réttindi fatlaðra, vinna gegn fordómum og að Ísland uppfylli alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar.

AkureyrarAkademían, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, sími 833-9861, veffang <https://www.akak.is/>
Ábyrgðarmaður Fréttabréfs Aðalheiður Steingrimsdóttir, netfang akak@akak.is